

Samningur um styrk vegna íþróttastarfs

Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík og Aþena íþróttafélag (hér eftir Aþena) kt. 681020-1600 gera hér með sér svohljóðandi samning um styrkveitingu og samstarf vegna íþróttastarfs.

1. gr. Markmið og hlutverk samningsins

Markmið samnings þessa er að tryggja öflugt samstarf samningsaðila í því skyni að efla barna- og ungmennastarf Aþenu í Reykjavík og fylgja því eftir að það fjármagn sem Reykjavíkurborg leggur til starfs Aþenu nýtist í þeim tilgangi. Áhersla verður lögð á að auka þátttöku stúlkna og barna af erlendum uppruna í íþróttum og félagsstarfi. Sérstakt markmið samningsins er að valdefla stúlkur í Breiðholti með áherslu á að þjálfun yngri flokka verði í höndum leikmanna í ungmenna- og meistaraflokksstarfi kvenna og þjálfara í þjálfaraskóla Aþenu undir handleiðslu yfirþjálfara. Hlutverk samningsins er jafnframt að ákvarða þá tíma sem Aþena fær til ráðstöfunar í Austurbergi 3 til æfinga og keppni auk þess að tryggja Aþenu félagsaðstöðu og aðstöðu fyrir styrktarþjálfun.

2. gr. Framkvæmd

Með samningi þessum skuldbindur Aþena sig til að gera sem flestum börnum og ungmennum kleift að taka þátt í starfi félagsins.

Styrkur samkvæmt þessum samningi er fyrst og fremst veittur vegna:

- Barna- og ungmennastarfs.
- Leiðtogaþjálfunar ungmenna.
- Þjálfarafræðslu og aðstoðarþjálfunar yngri leikmanna.

3. gr. Aðgengi, umgengi, nýting og úthlutun æfingatíma

Aþena annast alla þjónustu við æfingar og mót á vegum Aþenu í íþróttahúsnæði sem Reykjavíkurborg rekur í Austurbergi 3. Samráð verður á milli starfsmanna Aþenu og menningar- og íþróttasviðs (hér eftir MÍR) og Íþróttabandalags Reykjavíkur (hér eftir ÍBR) um niðurröðun leikja, móta og æfinga í Austurbergi.

Aþena er óheimilt að framselja alla tíma skv. þessu samkomulagi til annarra aðila.

Aþenu er úthlutað eftirfarandi æfingatímum í íþróttahúsinu Austurbergi 3:

- Milli kl. 15.00 – 19:30 alla virka daga
- Milli kl. 10:00 – 16:00 á laugardögum *
- Milli kl. 10:00 – 14:00 á sunnudögum*

Að auki bætast við tímar fyrir leiki og mót skv. 1 mgr. 3 gr. hér að ofan.

*Þessi þörf getur breyst yfir sumartímann og skýrist þegar sumarstundataflan er gefin út.

Skóla- og frístundasvið hefur forgang um tíma virka daga milli kl. 08:00 – 15:00 skv. skólastundaskrá, sem er almennt frá ágúst fram í júní. Aðena hefur forgang að þessum tíma fyrir sumarskóla fyrir börn þegar að skólar eru komnir í sumarleyfi.

Aðena hefur forgang til að nýta aðstöðuna í Austurbergi utan hefðbundins opnunartíma skv. stundaskrá íþróttahússins svo sem á hátíðisdögum eða öðrum dögum sem liggur fyrir að tímar falli niður skv. stundaskrá íþróttahússins. Fyrirkomulagið verði nánar útfært í samstarfi skrifstofustjóra íþróttaborgar Reykjavíkurborgar og formanns Aðenu.

Aðena/Leiknir fær tíma í íþróttasal í Austurbergi tvisvar sinnum í viku á virkum dögum milli kl. 19:30 og kl. 22:00 fyrir sameiginlegt meistaraflokksstarf karla bæði vetur og sumur.

Aðena skal búa til stundaskrá fyrir notkun á íþróttasal fyrir vetrar- og sumarstarf Aðenu og senda til ÍBR og MÍR um leið og hún liggur fyrir. Verði verulegar breytingar á nýtingu Aðenu á æfingartímum þarf að tilkynna MÍR/ÍBR það eins fljótt og auðið er svo hægt sé þá mögulega að ráðstafa tímum til annarra félaga.

Aðena og MÍR/ÍBR munu rýna saman árangur af íþróttastarfi Aðenu fyrir 1.júní 2026 og ákveða tímaþörf Aðenu fyrir sumar/vetur 2026-2027.

Aðena fær forgang að fjölnota aðstöðu í kjallara Austurbergs. Aðstaðan nýtist sem skrifstofu-, fundar-, kennslu- og félagsaðstaða fyrir Aðenu. MÍR getur óskað eftir þess að sú aðstaða nýtist einnig fyrir aðra starfsemi á vegum Reykjavíkurborgar og er það þá gert í samvinnu við Aðenu.

Aðena fær aðgang að sérgeymslum norðan megin á jarðhæð íþróttahússins en almennt eru búningsklefar, kaffistofa og önnur aðstaða á jarðhæð hússins við íþróttavöllinn samnýtt af notendum íþróttarsalarins.

Aðena hefur útbúið og kostað styrktaraðstöðu á efri hæð Austurbergs. Iðkendur og leikmenn Aðenu skulu hafa forgang að aðstöðunni eins og verið hefur á þeim æfingartímum sem þau eru með úthlutað. Íþróttafélagið Leiknir nýtir aðstöðuna, skv. nánara samkomulagi við Aðenu hverju sinni, eins og verið hefur. Berist óskir frá fleiri íþróttafélögum um aðgang að aðstöðunni munu aðilar samningsins leita leiða til að koma til móts við þær.

Aðena hefur heimild til að nýta keppnis- og æfingaaðstöðu í Austurbergi til markaðssetningar. Öll markaðssetning og merkingar skulu vera í samræmi við samþykktir, reglur, stefnur og stefnumarkandi áætlanir sem samþykktar hafa verið á vettvangi Reykjavíkurborgar. Aðenu er skylt að leggja fram óskir um markaðssetningu eða merkingar utan keppnisaðstöðu skriflega til skrifstofustjóra íþróttaborgar sem hefur lokaákvörðunarvald í málinu.

Aðrir sem nýta íþróttasalinn hafa einnig heimild til að nýta hann í markaðssetningu með lausum merkingum á meðan á viðburðum stendur skv. nánara samkomulagi við skrifstofustjóra íþróttaborgar.

Umhengni samningsaðila og annarra sem nýta Austurberg, kjallara og styrktaraðstöðu skal vera í samræmi við umgengnisreglur hússins. Skrifstofustjóri íþróttaborgar mun útfæra þrifa- og umgengisreglur í samtari við notendur hússins.

Menningar- og íþróttasvið Reykjavíkur hefur heimild til afnota af aðstöðunni í Austurbergi fyrir viðburði og bókar það í góðu samstarfi við Aðenu eftir þörfum hverju sinni.

Aðena skal kaupa ábyrgðartryggingu vegna tjóna, sem gæti orðið á mannvirki eða búnaði af völdum mistaka starfsmanna félagsins. Aðena skal kaupa ábyrgðartryggingu vegna skaðabótaskylds tjóns sem gestir kunna að verða fyrir og rekja má til mistaka starfsmanna félagsins í mannvirkinu.

4. gr. Styrkveiting

Veittur er styrkur fyrir árin 2025 - 2028. Árlegur styrkur er kr. 5.850.000.- eða kr. 487.500.- á mánuði. Styrkurinn er greiddur mánaðarlega, fyrst 1.7.2025.

Fjárhæðir greiðslna á árinu 2026 - 2028 skulu verðbætast og þannig uppreiknast árlega í samræmi við breytingu á vísitölu neysluverðs fyrst í janúar 2026.

Fjárveitingin er með fyrirvara um samþykkt fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar og menningar- og íþróttaráðs.

5. gr. Skilyrði fyrir styrkveitingu

Skilyrði fyrir greiðslu styrks samkvæmt þessum samningi er að Aþena skili MÍR samþykktum ársreikningi og starfsskýrslu fyrir 1.september ár hvert. Skili Aþena ekki inn ársreikningi og starfsskýrslu fyrir þann tíma fellur samningurinn úr gildi nema skrifstofustjóri íþróttaborgar hafi veitt skriflegan frest..

Aþena skal leggja fram áætlun yfir helstu verkefni og áherslur í barna- og unglingastarfi á tímabilinu 2025 - 2028 og kynna það fyrir MÍR fyrir 1.september ár hvert meðan samningurinn er í gildi. Aþena skal í áætlunum sínum setja fram skýr markmið um starfsemina og hvernig skuli staðið að mati á árangri og fylgist með rannsóknum á sviði afreks- og barnaþjálfun.

Aþena skal veita upplýsingar um fjárhæð æfingagjalda og fjölda iðkenda, eftir kyni og búsetu. Veita skal upplýsingarnar þrisvar á ári, í upphafi og lok keppnistímabils og varðandi fjölda iðkenda á sumarnámskeiðum.

Samkvæmt styrkjareglum Reykjavíkurborgar skulu styrkþegar hafa kynnt sér styrkjareglur Reykjavíkurborgar og viðhafa virka jafnréttisáætlun, siðareglur og fylgja mannréttinda- og forvarnarstefnu Reykjavíkurborgar. Jafnframt skal Aþena fylgja íþróttastefnu Reykjavíkurborgar og gæta þess í starfi sínu að huga vel að velferð, öryggi, virðingu og farsæld barna og ungmenna. Aþena á í samstarfi við Suðurmiðstöð um framkvæmd laga um farsæld barna. Reykjavíkurborg sýnir því skilning að Aþena starfar í umhverfi með krefjandi áskorunum þar sem mikilvægt er að skipuleggja starfið með góðum fyrirvara og gera áætlanir til lengri tíma þannig unnt sé að vinna markvisst í þágu sameiginlegra samfélagslegra markmiða Aþenu og Reykjavíkurborgar.

Aþena skal ávallt láta þess getið í öllu kynningarefni að félagið hafi hlotið styrk frá Reykjavíkurborg og skal verkefnið auðkennt með merki Reykjavíkurborgar. Styrkþega er skylt að kynna verkefnið hjá fagsviðum og fagraðum Reykjavíkurborgar sé þess er óskað.

6. gr. Samskipti

Umsjón og eftirlit með styrkveitingunni og framkvæmd fyrir Reykjavíkurborg er hjá MÍR. Tengiliður fyrir hönd MÍR er skrifstofustjóri íþróttaborgar. Ábyrgðaraðili og tengiliður verkefnisins fyrir hönd Aþenu er formaður félagsins. Aþena skal senda ársreikning, starfsskýrslu og önnur viðeigandi gögn til skrifstofu MÍR, netfang mir@reykjavik.is.

7. gr. Vanefndir og meðferð deilumála

Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að rifta samningi þessum og/eða krefjast endurgreiðslu ef sannanlega er um forsendubrest eða vanefndir að ræða af hálfu Aþenu. Telji annar samningsaðili sig ekki geta uppfyllt ákvæði samnings þessa skal tilkynnt um það tafarlaust skriflega. Ef fjárframlag frá Reykjavíkurborg er notað í öðrum tilgangi en samkvæmt samningi þessum eða á þann hátt að það gengur í berhögð við markmið og stefnu hennar áskilur

Reykjavíkurborg sér rétt til að rifta samningum og/eða krefjast endurgreiðslu framlagsins að hluta eða öllu leyti þegar í stað.

Rísi mál vegna samningsins skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

8. gr. Gildistími

Samningur þessi gildir frá og með 1. júlí 2025 til og með 30. júní 2028. Hvor aðili um sig getur þó óskað skriflega endurskoðunar á samningnum á hvenær sem er samningstímanum. Samningur þessi er uppsegjanlegur af beggja hálfu með níu mánaða fyrirvara frá þeim degi þegar tilkynning um uppsögn er send gagnaðila með sannanlegum hætti.

Samningur þessi er fjórar blaðsíður, gerður í tveimur samhljóða eintökum, einu fyrir hvern samningsaðila.

Samningsaðilar eru sammála um að níu mánuðum áður en samningurinn rennur út skuli teknar upp viðræður um endurnýjun samningsins eða samningslok og skal ákvörðun liggja fyrir eigi síðar en 1. mars 2028.

Reykjavík, 20. júní 2025

F.h. Aþenu

F.h. Reykjavíkurborgar
